

Borgarráð

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kostnað vegna bílstjóra borgarstjóra

Á fundi borgarráðs þann 23. ágúst sl. lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn: Óskað er eftir upplýsingum um heildarkostnað og sundurliðun á starfi bílstjóra skrifstofu borgarstjóra síðastliðið ár: 1. Hver er kostnaður við akstur með borgarstjóra? 2. Hver er kostnaður boðsendinga og póstsendinga innan og utan kerfis? 3. Hver er kostnaður vegna Barnaverndar Reykjavíkur? 4. Loks kostnað við önnur verkefni svo sem innkaupum og öðrum sendiferðum?

Svar:

Mikið hefur verið hagrætt í akstri og bifreiðakostnaði í ráðhúsinu á undanförunum árum. Áður voru þrjár bifreiðar í rekstri og tveir bílstjórar, annars vegar fyrir borgarstjóra og hins vegar fyrir forseta borgarstjórnar. Síðustu ár hefur hins vegar aðeins verið ein bifreið og einn bílstjóri við störf í ráðhúsinu og hefur hann sinnt daglegum póstsendingum, innkaupum, sendiferðum og tilfallandi boðssendingum fyrir Barnavernd, þjónustumiðstöðvar og þjónustuver í Höfðatorgi, auk aksturs fyrir borgarstjóra. Heildarkostnaður vegna reksturs bíls og vegna launa bílstjóra borgarstjóra er 13 milljónir kr. Framkvæmt var tímabundið verkþókhald á starfi bílstjóra borgarstjóra á haustmánuðum 2018 svo unnt væri að svara ofangreindri fyrirspurn. Í kjölfar þess var sett fram eftirfarandi sundurliðun. Akstur fyrir borgarstjóra á þessum tíma var 36% af heildar vinnuframlagi bílstjóra. Daglegar póstsendingar sem fela m.a. annars í sér þjónustu við Barnavernd, þjónustumiðstöðvar borgarinnar og þjónustuverið á Höfðatorgi voru 22% af vinnuframlaginu. Innkaup, sendiferðir og tilfallandi boðssendingar fyrir skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu voru 12%. Önnur verkefni bílstjóra eru 30% af heildarvinnuframlaginu og þar ber helst að nefna vinna við fundi borgarstjórnar. Skipting verkþátta má sjá í neðangreindri töflu.

Verkþáttur	Hlutfall
Akstur fyrir borgarstjóra	36%
Daglegar póstsendingar	22%
Innkaup, sendiferðir og tilfallandi boðssendingar	12%
Önnur verkefni	30%
Samtals	100%

Dagur B. Eggertsson